

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við kynningu skýrslunnar „Kynjajafnrétti innan Háskóla Íslands: jafnlaunarannsókn og úttekt á framgangskerfi akademísku starfsfólks“, haldið í stofu 101 á Háskólatorgi þriðjudaginn 12. desember 2017 kl. 10.00**

Góðir gestir.

Það er mér ánægja að segja örfá orð hér við þennan viðburð sem haldinn er í tilefni útgáfu nýrrar skýrslu um jafnréttismál sem ber heitið **„Kynjajafnrétti innan Háskóla Íslands: jafnlaunarannsókn og úttekt á framgangskerfi akademísku starfsfólks“**.

Það er óhætt að segja að það sé skammt stórra högga á milli í útgáfumálum á sviði jafnréttismála við Háskóla Íslands því það eru ekki nema rétt um tveir mánuðir síðan önnur viðamikil skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2012-2016 leit dagsins ljós. Báðar þessar skýrslur eru unnar af Félagsvísindastofnun að beiðni jafnréttisnefndar háskólaráðs og eru liður í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013-2017.

Á meðan fyrri skýrslan fer heildstætt yfir jafnréttismál við Háskóla Íslands í víðum skilningi beinir síðari skýrslan, sem kynnt verður hér á eftir, kastljósinu sérstaklega að launamálum starfsfólks í akademíu og stjórnsýslu og mats- og framgangskerfi akademískra starfsmanna í ljósi

kynjajafnréttis. Báðar þessar skýrslur eru afar vel unnar og geyma mikinn og dýrmætan efnivið sem mikilvægt er að vinna úr og fylgja eftir, en það er lykilatriðið. Ég vil í því sambandi nefna að á síðasta ári var að frumkvæði Háskóla Íslands hafin heildstæð úttekt á matskerfi opinberu háskólanna með ítarlegu sjálfsmati og síðastliðið sumar skilaði nefnd óháðra alþjóðlegra sérfræðinga ytri úttektarskýrslu. Unnið er að úrvinnslu þessara gagna og er skýrsla Félagsvísindastofnunar um kynjajafnrétti dýrmætt innlegg sem vafalítið mun nýtast í tengslum við þá endurskoðun matskerfisins sem er framundan.

Góðir gestir. Jafnrétti er eitt af þremur grunngildum Háskóla Íslands og ég sem rektor tek það mjög alvarlega og hef beitt mér eins og ég hef getað til að styðja við málaflokkinn og má í því sambandi nefna að jafnréttisfulltrúi er nú hluti af rektorsskrifstofu og rektorsembættið hefur stutt fjárhagslega við báðar skýrslurnar sem ég hef gert hér að umtalsefni. Einnig mun ég tryggja að skýrslan verði kynnt sérstaklega fyrir stjórnenedum, háskólaráði og forsetum fræðasviða.

Ég vil að lokum færa höfundum skýrslunnar, þeim Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur, forstöðumanni Félagsvísindastofnunar og Guðnýju Gústafsdóttur og Guðnýju Bergþóru Tryggvadóttur, verkefnisstjórum hjá Félagsvísindastofnun, innilegar þakkir fyrir þeirra vönduðu og góðu vinnu sem sannarlega þjónar því markmiði okkar allra að gera Háskóla

Íslands að enn betri háskóla. Ég hlakka til að heyra kynningu ykkar á niðurstöðum skýrslunnar hér á eftir.

Takk fyrir.